



Samstarfssamningur

Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands

Efnisyfirlit

1. Markmið samstarfssamningsins	2
2. Samstarf um greiningu og mat á áhættum o.fl.	3
2.1 Ábyrgð á eftirliti, verkaskipting og samstarf	3
2.2 Sameiginlegir áhættumatshópar og greining á kerfisáhættu	3
2.3 Samráð um setningu leikreglna	4
2.4 Fundir um almennt samstarf	4
3. Öflun og gagnkvæm miðlun gagna og upplýsinga.....	4
4. Viðbrögð við kerfisáhættu eða fjármálaáfalli.....	4
4.1 Tilkynningaskylda ef grunur um aðsteðjandi vanda vaknar	4
4.2 Samstarf um viðlagaáætlanir og viðlagaæfingar	5
4.3 Viðbrögð við yfirvofandi fjármálaáfalli	5
5. Önnur mál.....	5
5.1 Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi	5
5.2 Þagnarskylda	5
5.3 Gildistaka	5

Samstarfssamningur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands

Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, sbr. 15. gr., og lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, sbr. 35. gr., skulu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands gera með sér samning sem kveður á um framkvæmd samstarfs stofnananna. Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi og fjármálastöðugleika ásamt því að stuðla að virku og öruggu greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Fjármálaeftirlitinu ber að stuðla að og hafa eftirlit með að fjármálastarfsemi í landinu sé í samræmi við lög og reglur sem hverju sinni gilda um starfsemina og að hún sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Þá eru báðar stofnanirnar aðilar að fjármálastöðugleikaráði samkvæmt lögum nr. 66/2014. Í samræmi við framangreint verður markmiðum annarrar stofnunarinnar ekki náð án þess að markmið hinnar náist. Í þessu skyni gera Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands með sér svohljóðandi

s a m s t a r f s s a m n i n g:

1. Markmið samstarfssamningsins

Markmið samstarfssamnings Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands er að efla samvinnu og upplýsingaskipti stofnananna og samhæfa viðbrögð við kerfisáhættu eða áfalli á vettvangi fjármálastöðugleikaráðs. Til að ná því markmiði er nauðsynlegt að:

- Samvinna stofnananna miði að því að greina og meta kerfisáhættu
- Greining á fjármálastöðugleika dragi upp skýra mynd af styrkleika og veikleika fjármálakerfisins
- Greining á stöðu þýðingarmikilla aðila á fjármálamarkaði dragi upp skýra mynd af viðnámsprótti þeirra
- Öflun og miðlun upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum og milli stofnana sé markviss
- Upplýsingaskipti milli stofnananna séu tímanleg og reglubundin
- Til reiðu séu samhæfðar viðbúnaðaráætlanir, reynslu sé aflað með viðlagaæfingum og viðbrögð við kerfisáhættu eða áfalli séu samhæfð og í samræmi við lög um fjármálastöðugleikaráð
- Metið sé hve vel ný löggjöf og reglusetning þjóni markmiðum um stöðugleika fjármálakerfisins

2. Samstarf um greiningu og mat á áhættum o.fl.

2.1 Ábyrgð á eftirliti, verkaskipting og samstarf

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands, m.a. sem aðildarstofnanir fjármálastöðugleikaráðs, hafa með sér samstarf er miðar að því að greina og meta áhættu tengda starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja, fjármálakerfisins og þjóðhagslegra þátta. Verkaskipting á milli stofnananna tekur mið af ákvæðum laga sem um starfsemi þeirra gilda. Eftirfarandi meginsjónarmið skulu höfð í heiðri:

- Þar sem skýr verkaskipting er til staðar skal sá aðili sem sinnir eftirliti á viðkomandi sviði upplýsa hinn með reglubundnum hætti um mat á áhættum, með hliðsjón af kerfislegu mikilvægi
- Þar sem verkefni skarast að einhverju leyti skal samræma eftirlit eftir því sem unnt er og skiptast á gögnum og upplýsingum

2.2 Sameiginlegir áhættumatshópar og greining á kerfisáhættu

Í yfirliti hér á eftir eru helstu áhættuþættir og tengd umfjöllunarefni tilgreind. Til að greina og meta þessa áhættuþætti hafa stofnanirnar sett á laggirnar fimm sameiginlega áhættumatshópa sem bera heitin útlánaáhættuhópur, markaðsáhættuhópur, lausafjár- og fjármögnunaráhættuhópur, áhættumatshópur um fjármálainnviði (greiðslu- og uppgjörskerfi) og svonefndur míkro-makró-hópur. Hlutverk míkro-makró-hópsins er að greina og leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika.

Áhættumatshópar FME og Sí*	Formennska í hópi	Eftirlit og yfirsýn með áhættum
Míkro-makró	SÍ	
Efnahagsmál		SÍ
Ytri staða þjóðarbúsins		SÍ
Eiginfjárstaða		FME
Eignamarkaðir		SÍ/FME
Útlánavöxtur og aðrar kennitölur kerfisáhættu		SÍ/FME
Útlánaáhætta	FME	
Mótaðilaáhætta/vanskil		FME
Samþjöppunaráhætta		FME
Virðismatsáhætta		FME
Skuldastaða heimila og fyrirtækja		SÍ
Lausafjár- og fjármögnunaráhætta	SÍ	
Lausafjáraáhætta		SÍ/FME
Fjármögnun		SÍ/FME
Markaðsáhætta	FME	
Gjaldeyrismarkaður og -áhætta		SÍ/FME
Skuldabréfamarkaður og -áhætta		FME
Hlutabréfamarkaður og -áhætta		FME
Verðtryggingaójöfnuður		FME
Fastvaxtaáhætta		FME
Fjármálainnviðir	SÍ	
Yfirsýn yfir mikilvæg kerfi		SÍ
Eftirlit með fjármálainnviðum		SÍ/FME
Eftirlit með kerfisstjórum og þátttaka í fjármálainnviðum		SÍ/FME

* Upptalning áhættuþátta er ekki tæmandi.

Formenn áhættumatshópa um útlánaáhættu og markaðsáhættu skulu tilnefndir af Fjármálaeftirlitinu en formenn áhættumatshópa um lausafjár- og fjármögnunaráhættu, fjármálainnviða (greiðslu- og uppgjörskerfi) og mikró-makró-hóps skulu tilnefndir af Seðlabankanum. Ef þurfa þykir geta stofnanirnar sett á laggirnar tímabundna áhættumatshópa um einstök verkefni.

Í viðauka 1 með samningi þessum er að finna nánari umfjöllun um áhættumatshópana.

2.3 Samráð um setningu leikreglna

Stofnanirnar skulu leitast við að hafa með sér samráð um þróun og mótun nýrra laga og reglna í þeim tilvikum þar sem hlutverk stofnananna skarast. Slíkt samráð felur m.a. í sér að sé önnur stofnunin að vinna að því að móta ný lög eða reglur, sem snerta starfssvið þeirra áhættumatshópa sem starfandi eru, verði leitast við að kynna viðeigandi stofnun þá vinnu og henni gefið tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum að því marki sem unnt er.

2.4 Fundir um almennt samstarf

Tvisvar á ári hið fæsta skulu seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins, ásamt þeim sérfræðingum sem við á, funda til þess að ræða almennt samstarf stofnananna og skiptast á upplýsingum. Þeir skiptast líka á um að undirbúa og boða til þessara funda.

3. Öflun og gagnkvæm miðlun gagna og upplýsinga

Aðgengi að réttum gögnum og upplýsingum er lykilatriði í samstarfi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Stofnanirnar skulu afhenda viðeigandi gögn tímanlega. Markmið samstarfs stofnananna er að leitast við að hafa samvinnu um upplýsingaöflun og þróun skýrslna frá eftirlitsskyldum aðilum til að koma í veg fyrir óþarfa álag og kostnað fyrir samningsaðila og eftirlitsskylda aðila. Lögð er áhersla á að upplýsingum sé miðlað á milli stofnananna á skilvirkan og öruggan hátt og gæði gagna tryggð. Þar sem við á skulu stofnanirnar vinna saman að miðlun upplýsinga til þriðja aðila, s.s. erlendra eftirlitsaðila og stofnana.

Í viðauka 2 með samningi þessum er kveðið á um gagna- og upplýsingasöfnun hvors samningsaðila og gerð grein fyrir hvaða gögn og upplýsingar skuli látin hinum í té í reglulegum gagnaskiptum og hvernig meta skuli aðrar gagna- og upplýsingabeirni en kveðið er á um gagna- og upplýsingaskipti í lögum nr. 87/1998 og lögum nr. 36/2001. Þar kemur fram að hvor stofnun skuli veita hinni þær upplýsingar sem stofnunin býr yfir og nýttast hinni í starfsemi sinni. Þetta á þó ekki við ef kveðið er sérstaklega á um annað í lögum, svo sem varðandi gögn sem Seðlabanki Íslands safnar vegna hagskýrslugerðar, sbr. lög nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

4. Viðbrögð við kerfisáhættu eða fjármálaáfalli

4.1 Tilkynningaskylda ef grunur um aðsteðjandi vanda vaknar

Ef athuganir Fjármálaeftirlitsins benda til veikleika í rekstri eða bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila sem eru í viðskiptum við Seðlabankann eða eru umsvifamiklir á markaði, brota gegn reglum um mikilvæga fjármálainnviði eða alvarlegrar kerfisáhættu á fjármálamarkaði að öðru leyti, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera seðlabankastjóra viðvart.

Leiði athuganir Seðlabankans í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu fyrirtækja á fjármálamarkaði, lausafjávanda eða brot gegn samningum um mikilvæga fjármálainnviði eða alvarlega erfiðleika á fjármálamarkaði að öðru leyti, skal Seðlabankinn tafarlaust gera forstjóra Fjármálaeftirlitsins viðvart.

4.2 Samstarf um viðlagaáætlanir og viðlagaæfingar

Samningsaðilar leitast við að þróa aðferðir til að sjá fyrir erfiðleika í rekstrarumhverfi á fjármálamarkaði og í starfsemi einstakra fyrirtækja á fjármálamarkaði sem eru líklegir til að valda óstöðugleika í fjármálakerfinu. Þeir eiga með sér samvinnu um framsetningu sviðsmynda sem nýtast í álagsprófum og jafnframt sem forsendur í viðlagaáætlunum.

Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn móta sameiginlega viðlagaáætlun sem tekur mið af áætlunum hvors um sig og lögum nr. 66/2014, um fjármálastöðugleikaráð. Eftir því sem þurfa þykir eru haldnar sameiginlegar viðlagaæfingar fyrir fjármálakerfið eða hluta þess eða fyrir mikilvæga fjármálainnviði sérstaklega. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið taka einnig þátt í viðlagaæfingum sem stofnað er til á grundvelli fjölþjóðlegra samninga ef ástæða er talin til.

4.3 Viðbrögð við yfirvofandi fjármálaáfalli

Þegar verulegir erfiðleikar, svo sem vegna lausafjár- eða eiginfjávanda, koma upp í rekstri eftirlitsskylds aðila sem vegna stöðu sinnar eða aðstæðna er mikilvægur á fjármálamarkaði skulu forstjóri Fjármálaeftirlitsins og seðlabankastjóri kalla kerfisáhættunefnd, skv. lögum nr. 66/2014, saman svo fljótt sem auðið er. Samningsaðilar skulu upplýsa kerfisáhættunefndina um þróun mála og fyrirhugaðar aðgerðir sínar.

5. Önnur mál

5.1 Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Samningsaðilar skulu hafa samráð um aðild að alþjóðlegu samstarfi og fundarsókn sem tengist hlutverki beggja aðila. Samningsaðilar skulu upplýsa hvor annan eins og kostur er um atriði er fram koma í alþjóðlegu samstarfi sem varða hlutverk hins aðilans.

5.2 Þagnarskylda

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, eru upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessum samningi háðar þagnarskyldu samkvæmt lögnum. Sú stofnun sem fær upplýsingar frá hinum samningsaðila, hvort heldur sem er með reglulegum eða óreglulegum hætti, skal einungis nýta upplýsingarnar í tengslum við störf sín. Samningsaðilar skulu gæta þess að birta ekki upplýsingar opinberlega án samráðs við þann aðila sem þeirra aflaði, s.s. við reglulega útgáfu, eða fyrirfram samþykkis eigi það við. Berist annarri stofnuninni beiðni á grundvelli upplýsingalaga um upplýsingar sem stafa frá hinni stofnuninni skal stofnunin framsenda upplýsingabeiðnina til þeirrar stofnunar sem upplýsingarnar stafa frá. Þá skulu stofnanirnar tryggja að eingöngu þeir starfsmenn sem nýta þurfa upplýsingarnar í störfum sínum fái aðgang að þeim. Liggja þarf fyrir hverju sinni hvaða starfsmenn hvorrar stofnunar um sig það eru sem fá aðgang að tilteknum upplýsingum eins og nánar er fjallað um í viðauka 2 við samning þennan.

5.3 Gildistaka

Samningur þessi leysir af hólmi samstarfssamning frá 11. janúar 2011. Hann skal endurskoðaður telji annar hvor eða báðir samningsaðilar þess þörf.

Viðaukum með samningi þessum breyta forstjóri Fjármálaeftirlitsins og seðlabankastjóri með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. desember 2014

Fjármálaeftirlitið



Unnur Gunnarsdóttir
forstjóri

Seðlabanki Íslands



Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Viðaukar:

Viðauki 1: Verkefni áhættumatshópa og undirbúningur funda kerfisáhættunefndar.

Viðauki 2: Gagnkvæm gagna- og upplýsingaskipti milli samningsaðila.